



Fundargerð

377. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 12. febrúar 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka 1 mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 376. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 8. janúar 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 9. febrúar 2015.

Fundargerðin lögð fram.

2.1. 1502014 – Endurupptaka á úrskurði um Vestfjarðaveg.

Sveitarstjóri lagði fram drög að svari sveitarfélagsins við erindi Skipulagsstofnunar frá 21. janúar 2015. Sveitarstjórn fór yfir svarbréfið, sveitarstjóra falið að ganga frá bréfinu endanlega til Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða.

2.2. 1210007 – Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.3. 1502016 – Lóðarleigusamningar á Reykhólum og í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.4. 1412002 – Álagning gjalda, gjaldskrá Reykhólahafnar 2015.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá vegna Reykhólahafnar 2015 og felur sveitarstjóra að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Þá samþykkir sveitarstjórn einnig að ekki verði tekið gjald af þeim bátum sem koma í höfn í tengslum við Bátadaga á meðan þeir standa yfir. Samþykkt samhljóða.

2.5. 1502026 – Fremri-Gufudalur, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsbreytingu Fremri-Gufudals og auglýsingu þess skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 5. febrúar 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

- 3.1. 1412002 – Álagning gjalda, gjaldskrá Grettislaugar, tjaldsvæðis og útleigu á Reyhólaskóla 2015.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrár, tjaldsvæðis og mótuneytis samhljóða. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá Grettislaugar með einni breytingu, elli- og örorkulífeyrisþegar greiða 250 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiði 3.300 kr. fyrir 20 miða kort og 8.000 kr. fyrir árskort. Samþykkt samhljóða.

- 3.2. 1501011 – Tónlistarkennsla á Reykhólum.

Sveitastjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

- 3.3. 1502003 – Fyrirframgreitt kreditkort.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra heimild til að sækja um fyrirframgreitt kreditkort fyrir kaup á kennslufni á vefnum. Samþykkt samhljóða.

- 3.4. 1412001 – Fjárhagsáætlun 2015, íþrótt- og tómstundakort.

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu á íþrótt- og tómstundakorti fyrir börn í Reykhólahreppi á aldrinum 5-17 ára. Sveitarstjóra falið að fullvinna reglur og skilyrði vegna íþrótt- og tómstundakorta. Fjármögnun íþrótt- og tómstundakorta verður í formi aukinna tekna á lið 06551-0253. Samþykkt samhljóða.

- 3.5. 1412008 – Styrkumsóknir vegna ársins 2015, tónmennta- og tónlistarkennari, organisti, kórstjóri.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, sveitarstjóra og skólastjóra falið að funda með bréfriturum. Samþykkt samhljóða.

- 3.6. 1502015 – Áskorun til Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn skorar á Vegagerðina að bæta vegaeftirlit og upplýsingar um færð á vegum frá Bjarkalundi að Skálanesi. Um þennan veg allt frá Skálanesi fer bæði skólabifreið og starfsfólk til vinnu á Reykhólum alla virka daga. Skólaakstur hefst alla jafna kl. 06.30, þá þurfa upplýsingar um veður og færð að liggja fyrir, á það helst við um bæði Hjalla- og Ódrjúgsháls.

- 3.7. 1502004 – Verklagsreglur leikskóladeildar Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á verklagsreglum, samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Velferðarnefnd 28. janúar 2015.

Farið yfir fundargerðina.

- 4.1. Hækkun á upphæð fjárhagsaðstoðar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir hækkun fjárhagsaðstoðar, samþykkt samhljóða.

4.2. Námskeið fyrir fulltrúa í félagsmálanefndum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að ÁBG sækji námskeiðið ásamt félagsmálastjóra. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1502018 – Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Reykhólahrepps.

KK lagði fram tillögu: Sveitarstjórn samþykkir breytingar á 18. gr. samþykktar um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Reykhólahrepps. 2. mgr. orðist svo: „Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað umfram hverja 30 ekna km í hverjum mánuði og miðast greiðslur við per ekinn km við ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað.“ Samþykkt þessi gildi frá 1. jan. 2015. Samþykkt samhljóða.

KK lagði fram tillögu: Sveitarstjórn samþykkir að kjörnir fulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn Reykhólahrepps haldi launum sínum meðan þeir sitja nefndarfundir á vegum hreppsins eða mæta sem fulltrúar sveitarfélagsins út á við. Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu ÁMG.

ÁBG lagði fram viðaukatillögu: Starfsmenn í samráði við sinn yfirmann vinni af sér tapaðar vinnustundir. Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu ÁMG.

2. 1501010 – Æskulýðs- og tómstundafulltúi.

2.1. Starfslýsing.

2.2. Tillaga ÁBG um tómstundaráð.

Lögð eru fram drög að starfslýsingu fyrir starf æskulýðs- og tómstundafulltrúa í sveitarfélaginu. Starfslýsing samþykkt samhljóða.

Tillögu um tómstundaráð frestað að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

3. 1502020 – Umferð skemmtiferðaskipa um Flateyjarhöfn.

Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar dagsett 8. janúar 2015.

Reykhólahreppur er að ræða við Vegagerðina um stöðu Flateyjarhafnar, en Vegagerðin hefur séð um og rekið höfnina í Flatey í áratugi. Að svo stöddu eru ekki forsendur fyrir því að sveitarfélagið að innheimti farþegagjöld í Flateyjarhöfn.

4. 1502021– Frumvörp til umsagnar frá nefndasviði Alþingis.

4.1. Mál 456, frumvarp til laga um Menntamálastofnun (heildarlög), frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dagsett 28. janúar 2015.

4.2. Mál 426, frumvarp til laga um grunnskóla (kæruleiðir, einkareknir skólar o.fl.), frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dagsett 29. janúar 2015.

4.3. Mál 511, frumvarp til laga um stjórn vatnamála, frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 9. febrúar 2015.

4.4. Mál 427, frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 9. febrúar 2015.

- 4.5. Mál 416, frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (skilyrði fjárhagsaðstoðar), frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 9. febrúar 2015.
- 4.6. Mál 455, frumvarp til laga um náttúrupassa, frá atvinnuveganefnd Alþingis dagsett 9. febrúar 2015.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn við ofangreind frumvörp, samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1502022 – Tvö erindi frá BS Vest til Jöfnunarsjóðs vegna framlaga árið 2014.

- 1.1. Umsókn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks um leiðréttingu á framlagi Jöfnunarsjóðs árið 2014.

Sent Jöfnunarsjóði af BS Vest þann 20. janúar 2015.

- 1.2. Bréf Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks til ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sent ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs af BS Vest þann 20. janúar 2015.

Erindi lögð fram til kynningar.

2. 1502024 – Stjórnsýsla Flateyjar.

Samrit af erindi íbúa Reykhólahrepps í Flatey til bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 24. október 2014.

Kynnt.

3. 1502023 – Jafnvægi, stöðuleiki og vellíðan.

Kynning frá Auðnast, fyrirtæki sjálfstætt starfandi fjölskyldumeðferðarfræðinga.

Lagt fram.

4. 1502027 – Fundargerð Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2. febrúar 2015.

Fundargerð lögð fram.

5. 1502025 – Fundargerð 824. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

6. 1501008 – Fundargerð 143. fundar Breiðafjarðarnefndar 27. október 2014.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

1. 1405020 – Fundarboð til sveitarstjórnarmanna í Reykhólahreppi, Dalabyggð og Strandabyggð 26. febrúar 2015, sameiningarmál.

Fundarboð lagt fram, sveitarstjórn þakkar boðið og mun mæta á fundinn. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.35.
